

Kópavogi, 20. ágúst 2020

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk 2020

Ágæti nemandi í 7. bekk.

Þann 24. og 25. september næstkomandi verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir alla nemendur í 7. bekk. **Íslenskuprófið verður haldið fimmtudaginn 24. september en stærðfræðiprófið föstudaginn 25. september.** Skólastjórin í þínum skóla ákveður klukkan hvað prófin byrja og lætur þig og foreldra þína vita.

Allir krakkar í 7. bekk taka sambærileg próf og fá sömu tækifæri til að svara, hvar sem þeir eiga heima á landinu.

Prófið er tekið í tölvu. Á prófdag skráir þú þig inn í það með prófkóða sem kennarinn lætur þig fá. Þú færð 80 mínútur til að taka prófið, sem ætti að vera nægur tími. Það mun örugglega ganga vel en ef þú vilt æfa þig heima geturðu tekið kynningarpróf á netinu. Þar getur þú séð dæmi um spurningar, æft þig að svara og kynnst prófakerfinu. Við hvetjum þig til að prófa enda er það bæði skemmtilegt og hjálplegt.

Íslenskuprófið skiptist í two hluta: lesskilning og málnotkun. Í prófinu eru til dæmis stuttar sögur og spurningar úr þeim auk spurninga er snúa að kunnáttu á tungumálinu.

Stærðfræðiprófið skiptist í þrjá hluta: 1) reikning og aðgerðir, 2) rúmfraði og mælingar 3) tölur og talnaskilning. Í prófinu verða 40 spurningar. Nota má reiknivél sem er í tölvunni en einnig má hafa með sér reiknivél, ef þér finnst það þægilegra.

Gott er að svara öllum spurningum enda sést þannig best hversu mikið þú hefur lært í skólanum. Ekki hafa áhyggjur þó þú vitir ekki svörin við öllum spurningunum. Reyndu samt þitt besta og ekki flýta þér að svara, jafnvel þótt aðrir krakkar séu búin að svara sínu prófi. Prófið er ekki keppni af neinu tagi og það hversu fljótir krakkarnir eru að klára prófin segir ekkert til um það hvort þeir svöruðu spurningunum rétt eða ekki.

Gangi þér vel og mundu að markmið prófanna er að sjá hvað þú hefur lært mikið í skólanum. **Pannig getur kennarinn þinn séð hvað og hvernig er best að læra meira. Prófin eru fyrst og fremst fyrir þig og það er ástæðulaust að kvíða þeim eða hafa áhyggjur af þeim. Gerðu bara þitt besta og þá verður þetta ekkert mál.**

Ef þú hefur einhverjar spurningar talaðu endilega við kennarann þinn og foreldra/forráðamenn.

Fyrir hönd Menntamálastofnunar

Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.